

**NÁMSKRÁ FYRIR SÉRDEILDIR  
FRAMHALDSSKÓLA  
STARFSBRAUTIR**

**2000**

**Menntamálaráðuneytið**

Menntamálaráðuneytið : námskrár 34

Nóvember 2000

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið  
Sölvhólsögötu 4  
150 Reykjavík  
Sími: 560 9500  
Bréfasími: 562 3068  
Netfang: [postur@mrn.stjr.is](mailto:postur@mrn.stjr.is)  
Veffang: [www.mrn.stjr.is](http://www.mrn.stjr.is)

Hönnun og umbrot: XYZETA / SÍA  
Ljósmyndun: Kristján Maack  
Myndskreytingar: XYZETA / SÍA  
Prentun: Oddi hf.

© 2000 Menntamálaráðuneytið

ISBN 9979-882-59-X

# EFNISYFIRLIT

Formáli .....	5
Inngangur .....	7
Markmið náms og kennslu í sérdeildum	
Skipan náms	
Námsleiðir í sérdeildum	
Starfsbraut 1 .....	10
Starfsbraut 2 .....	12
Starfsbraut 3 .....	14
Nám og kennsla	
Námsmat	
Starfsbraut 1 .....	19
Dæmi um námsgreinar á starfsbraut 1	
ÁFANGALÝSINGAR - starfsbraut 1	
Bókfærsla - starfsbraut 1	
Enska - starfsbraut 1	
Flatarteikningar og mælingar - starfsbraut 1	
Heilbrigðisfræði - starfsbraut 1	
Íslenska - starfsbraut 1	
Íþróttir - starfsbraut 1	
Lífsleikni - starfsbraut 1	
Náttúrfraði - starfsbraut 1	
Starfsnám á vinnustað - starfsbraut 1	
Starfsnám í skóla - starfsbraut 1	
Stærðfræði - starfsbraut 1	
Tölvunotkun - starfsbraut 1	
Valgreinar - starfsbraut 1	
Starfsbraut 2 .....	37
Dæmi um námsáfangar á starfsbraut 2	
ÁFANGALÝSINGAR - starfsbraut 2	
Enska - starfsbraut 2	
Heilbrigðis- og heimilisfræði - starfsbraut 2	
Íslenska - starfsbraut 2	
Íþróttir - starfsbraut 2	



List- og verkgreinar - starfsbraut 2	
Lífsleikni - starfsbraut 2	
Náttúrufræði - starfsbraut 2	
Starfsnám og verklegt nám - starfsbraut 2	
Stærðfræði - starfsbraut 2	
Tölvunotkun - starfsbraut 2	
<b>Starfsbraut 3</b> .....	<b>55</b>
Dæmi um námsleiðir á starfsbraut 3	
Námsmat	
<b>ÁFANGALÝSINGAR - starfsbraut 3</b>	
Almennur skilningur og þekking - starfsbraut 3	
Eigin persóna - starfsbraut 3	
Heimilið - starfsbraut 3	
Líkamsrækt - starfsbraut 3	
Mál og boðskipti - starfsbraut 3	
Umhverfi og fristundir - starfsbraut 3	





## FORMÁLI

Í lögum um framhaldsskóla nr. 80/1996 er menntamálaráðherra veitt heimild til þess að stofna sérstakar deildir við framhaldsskóla fyrir fatlaða nemendur. Sérdeildir við framhaldsskóla hafa að markmiði að bjóða verklegt og bóklegt nám sem miðar að því að auka sjálfstraust, sjálfstæði og aðlögunarhæfni nemenda með því að veita þeim einstaklingsmiðuð námstækifæri.

Í þessu námskrárhefti er að finna upplýsingar um skipan tveggja ára náms og kennslu í sérdeildum framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir því að nemendur brautskráist að loknu tveggja ára námi í sérdeildum en stefnt er að því að gefa nemendum, sem innrituðust í sérdeildir 1998 og síðar, kost á að stunda starfstengt framhaldsnám. Kennsla þriðja námsárs hefst á haustönn 2000.

Með hugtakinu *fatlaður* er vísað nánar til 2. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, til nemenda sem hafa verið í sérdeild eða sérskólum og/eða fengið námsmat samkvæmt 48. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og hafa ekki forsendur til þess að stunda nám á öðrum námsbrautum framhaldsskólans.


Í námskrá fyrir sérdeildir eru kynnt viðmið og leiðbeiningar um það hvernig megi standa að skipulagi og inntaki náms og kennslu fyrir fatlaða nemendur. Mikilvægt er að skipuleggja nám og kennslu í samræmi við þarfir og forsendur nemendahópsins. Eins er mikilvægt að stuðla að traustri og virkri samvinnu á milli skólans og foreldra/forráðamanna nemenda í sérdeildum. Við uppbyggingu og útfærslu kennslu á starfsbraut er brýnt að hagnýta þekkingu í kennslufræði og gæta þess að tiltæk hjálpartæki og sérhæfð námsgögn, sem þörf er á hverju sinni, séu hagnýtt til kennslu.



Markmið náms og kennslu sérdeilda er að bjóða fram sérnám í bóklegum og verklegum greinum sem tekur mið af þörfum nemandans og möguleikum hvers skóla til þess að koma til móts við þær þarfir. Til þess að ná þessum markmiðum, þá er mikilvægt að fyrir liggi raunhæft mat á stöðu nemandans í námi og möguleikum hans til að stunda nám í sérdeild framhaldsskóla. Námsskipan sérdeilda er sveigjanleg en gert er ráð fyrir því að kennsluáætlanir sérdeilda byggist á einstaklingsmiðuðum námsmarkmiðum. Gert er ráð fyrir því að umsjónarkennari og faggreinakennarar meti viðfangsefni og stöðu nemandans í námi með reglubundnum hætti. Kennsluáætlanir eru því sífellt til endurskoðunar með hliðsjón af þeim markmiðum sem skilgreind eru fyrir hvern einstakling. Mikilvægt er að tengja nám og kennslu nemenda í sérdeildum við verklega þjálfun á vinnustöðum, eins og kostur er, og stuðla að samfelldri og heildstæðri áætlun um nám og starfsþjálfun hvers nemanda. Markmið vinnustaðanáms og starfsþjálfunar er að auka vinnufærni nemandans og sjálfstæði hans á vinnumarkaði. Almenn vinnufærni er þjálfuð en einnig færni til ákveðinna verka. Stefnt er að því að fjölga möguleikum nemanda til þess að komast út á vinnumarkað að loknu námi í sérdeild.

Í þessari námskrá er gerð grein fyrir þrenns konar námsleiðum innan sérdeilda. Þessar námsleiðir eru *starfsbraut 1*, *starfsbraut 2* og *starfsbraut 3*. Einnig er gerð nánari grein fyrir námi og kennslu í sérdeildum og settar fram viðmiðanir um námsmat. Kynnt eru dæmi um skipulag og inntak náms og kennslu sérdeilda. Námsáfangar sérdeilda eru skilgreindir en hver námsáfangi byggist á áfangalýsingu og áfangamarkmiðum. Vægi einstakra námsþátta er skilgreint í einingum. Einingamatið er sett fram sem dæmi um umfang náms í einstökum námsgreinum sem hlutfall af heildarnámi nemandans. Námskröfur eru skilgreindar nánar í lokamarkmiðum hvers áfanga.





## INNGANGUR

Nemendur, sem lokið hafa grunnskólanámi, eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Almenn námsbraut í framhaldsskóla er einkum ætluð þeim nemendum sem fara ekki í samræmd próf og/eða uppfylla ekki inntökuskilyrði á skilgreindar brautir framhaldsskólans. Sérdeildir framhaldsskóla eru ætlaðar fötluðum nemendum, sbr. 19. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, með vísun til 2. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, sem hafa ekki forsendur til að stunda nám á öðrum námsbrautum.

Sérdeild í framhaldsskóla er einkum ætluð

- fötluðum, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, sem hafa verið í sérdeild eða sérskólum og/eða fengið námsmat samkvæmt 48. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og hafa ekki forsendur til þess að stunda nám á öðrum námsbrautum framhaldsskólans
- þroskaheftum og fjölfötluðum nemendum sem hafa einnig fengið námsmat samkvæmt 48 gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995

Framhaldsskólar skipuleggja nám og kennslu í sérdeildum í ljósi þess nemendahóps sem innritast í sérdeildir skólans á hverjum tíma.

Nemendum sérdeilda stendur til boða náms- og starfsráðgjöf í tengslum við skipulag námsins.



## Markmið náms og kennslu í sérdeildum

### Nemandi

- fái einstaklingsmiðuð námstækifæri
- auki sjálfstraust sitt, sjálfstæði og samskiptahæfni til daglegra athafna
- efli hæfileika sína og færni til að takast á við viðfangs-efni daglegs lífs
- auki möguleika sína til áframhaldandi náms við hæfi
- fái tækifæri til þess að takast á við verkefni í samræmi við eigin færni og hæfileika
- fái tækifæri til að stunda nám með ófötludum nemendum eins og kostur er, m.a. til þess að auka félagsleg samskipti ólíkra nemendahópa
- fái tækifæri til að tengja saman nám og starfsþjálfun sína – í skóla og á vinnustað, eins og kostur er
- þjálfvi vinnufærni sína
- fái aukin tækifæri til að komast út á vinnumarkað að loknu námi

## Skipan náms

Námsgreinar í sérdeildum eru skipulagðar með hliðstæðum hætti og tíðkast í áfangakerfi framhaldsskóla. Námsgreinar skiptast í einingabæra áfanga. Einingar í sérdeildum eru einkum hafðar til viðmiðunar um hlutfallslegt vægi einstakra námsþátta í deildinni. Umfang námsins og kennslustundafjöldi nemandans á viku tekur mið af stöðu hans í námi. Nám og kennsla í sérdeild byggist á bóklegu og verklegu námi. Mikilvægt er að skipuleggja verklegt nám nemandans eins og kostur er út frá þeim markmiðum sem skilgreind eru fyrir hvern einstakling. Verklegt nám getur farið fram jafnt innan skóla sem utan, í fyrirtækjum eða stofnunum.





Kennslustundafjöldi nemandans í skóla annars vegar og starfsþjálfun eða vinnustaðanámi hins vegar getur verið breytilegur og fer eftir umfangi starfsnáms eða starfsþjálfunar á vinnustað. Mikilvægt er að semja um kennslustundafjölda nemandans yfir skólaárið í samvinnu skóla, nemanda og forráðamanna hans. Starfstími sérdeilda, þ.m.t. kennsludagafjöldi og starfsnám, fylgir starfstíma framhaldsskóla. Í þessari námskrá eru markmið sérdeilda skilgreind og dæmigerðum viðfangsefnum er lýst.

Mikilvægt er að veita fötluðum nemendum kennslu og stuðning sem þeir þurfa á að halda og tök eru á að veita, eins og greint er nánar frá í reglugerð um kennslu fatlaðra nemenda í framhaldsskólum nr. 372/1998, ýmist með því að bjóða fram nám í sérdeild eða veita þeim einstaklingsstuðning á námsbrautum framhaldsskólans. Námsgreinar á almennri námsbraut, námsgreinar starfsnáms og listnám gæti einnig hentað nemendum sem innritast í sérdeild. Huga þarf að námsmarkmiðum nemandans og möguleikum hans til þess að fella námsgrein eða námsgreinar af öðrum námsbrautum skólans að náminu, í ljósi áhuga hans og forsendna fyrir slíkri samþættingu náms að mati umsjónarkennara og skólastjórnenda. Mikilvægt er að forráðamenn nemandans, ásamt umsjónarkennara, námsráðgjafa og/eða stuðningsfulltrúa komi að skipulagi námsins með nemandanum.

### Námsleiðir í sérdeildum

Framhaldsskólar skipuleggja nám í sérdeildum í ljósi nemendahópsins og sérstöðu hvers skóla. Hér eru gefin dæmi um útfærslu á einstökum námsleiðum á starfsbrautum.

---

## STARFSBRAUT 1

### Tveggja ára námsbraut

---

Nám og kennsla á starfsbraut 1 er einkum ætluð fötluðum, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, sem hafa verið í sérdeild eða sérskólum og hafa ekki forsendur til þess að stunda nám á öðrum námsbrautum framhaldsskólans.

#### Markmið námsins:

##### Nemandi

- fái tækifæri til að kynnast námi og/eða starfi við hæfi
- kynnist sterkum hliðum sínum og takist á við þær veiku
- efli sjálfstraust sitt og ábyrgð á eigin lífi
- fái þjálfun og reynslu sem nýtist honum í daglegu lífi og tómstundum
- fái kynningu á atvinnutækifærum sínum og þjálfun til þess að takast á við störf við hæfi eins og kostur er
- auki og efli vinnufærni sína
- auki reynslu, þekkingu og færni sína til að takast á við viðfangsefni og áskoranir daglegs lífs

#### Helstu námsþættir eru m.a.

- íslenska, stærðfræði, enska
- samfélagsgreinar, lífsleikni og öryggisfræðsla, áhersla á íslenskt samfélag
- verk- og listgreinar, dæmi: heimilisfræði, handmennt, málmsmíði, myndmennt, rafmagnsfræði, skyndihjálp, tölvunotkun, trésmíði
- starfsnám í skóla og á vinnustað - vinnustaðanám
- íþróttir, heilsurækt og heilbrigðisgreinar
- námsgreinar að vali skóla og nemanda



Misjafnt er eftir aðstöðu í skólum hversu mikill hluti starfsnáms fer fram innan veggja skóla. Þar sem kennsluaðstaða til verknáms í skóla er góð getur allt eða nánast allt starfsnám farið fram innan veggja hans, annars staðar fer það fram úti á vinnumarkaði.

Kennsla skal byggð á rökstuddri námsáætlun fyrir nemendahóp eða einstakling.

Samstarf við foreldra/forráðamenn er mjög mikilvægt.

---

## STARFSBRAUT 2

### Tveggja ára námsbraut

---

Námið á starfsbraut 2 er einkum ætlað nemendum sem hafa notið verulegrar námsaðstoðar í grunnskóla, verið í sérdeild eða sérskóla og taldir af viðurkenndum greiningaraðilum víkja svo frá almennum þroska að þeir hafa fengið námsmat samkvæmt 48. gr. grunnskólalaga nr. 66/1995 og undanþágu frá ákveðnum skyldunámsgreinum.

#### Markmið námsins:

##### Nemandi

- öðlist sjálfstæði í daglegu lífi og fái þjálfun til þess að taka sjálfstæðar ákvarðanir
- öðlist þekkingu og leikni til að stunda skilgreind störf á vernduðum eða almennum vinnustað, eins og kostur er
- öðlist þjálfun og reynslu sem nýtist í daglegu starfi og tómstundum
- efla færni sína til að takast á við viðfangsefni daglegs lífs
- kynnist öryggisatriðum sem tengjast daglegum athöfnum

#### Helstu námsþættir:

- verk- og listgreinar
- bóklegar greinar
- lífsleikni
- tölvunotkun
- heilsurækt og heilbrigðisgreinar
- vinnustaðanám – starfsnám



Misjafnt er eftir aðstöðu í skólum hversu mikill hluti starfsnáms fer fram innan veggja skóla. Þar sem kennsluáðstaða til verknáms í skóla er góð getur allt eða nánast allt starfsnám farið fram innan veggja hans, annars staðar fer það fram úti á vinnumarkaði.

Kennsla skal byggð á rökstuddri námsáætlun fyrir nemendahóp eða einstakling.  
Samstarf við foreldra/forráðamenn er mjög mikilvægt.

---

## STARFSBRAUT 3

---

### Tveggja ára námsbraut

---

Námið á starfsbraut 3 er einkum ætlað þroskaheftum og fjölfötluðum nemendum. Þroskahömlun geta m.a. fylgt erfiðleikar við skynjun, rökhugsun, boðskipti, líkamsbeitingu, sjálfshjálp, félagsleg samskipti og athafnir daglegs lífs. Allir þessir nemendur víkja svo frá almennum þroska að þeir hafa fengið námsmat samkvæmt 48. gr. grunnskólalaga nr. 66/1995.

#### Markmið námsins:

##### Nemandi

- viðhaldi og auki við þekkingu, færni og reynslu sína til þess að takast á við athafnir daglegs lífs
- viðhaldi og eflist af áhuga og áræðni
- öðlist öryggi og tilfinningalegt jafnvægi
- fái tækifæri til fjölbreytilegs undirbúnings fyrir athafnir daglegs lífs, á eigin forsendum
- hafi möguleika á að nýta sér ýmiss konar viðfangsefni í tómstundum

#### Helstu námsþættir:

- eigin persóna
- mál og boðskipti
- almenn skilningur og þekking
- líkamsrækt
- umhverfi og tómstundir
- heimilið
- verkefni – vinna



Nám og kennsla byggist á einstaklingsnámskrá og tekið er mið af stöðu og færni nemandans og óskum nemenda og foreldra. Jafnframt er gert ráð fyrir því að nemendur á starfsbraut 3 geti skipst á ólík svið eftir færni og getu. Áherslur í námi og kennslu nemenda eru því mismunandi.

Samstarf við foreldra/forráðamenn er mjög mikilvægt.

### Nám og kennsla

Gert er ráð fyrir því að val á námsefni og kennsluáferðir á starfsbrautum 1, 2 og 3 taki, eins og kostur er, mið af markmiðum náms í sérdeildum og stöðu nemandans í námi. Stefnt er að því að auka persónulegan þroska nemandans, auka leikni hans til alhliða samskipta, fjölga og bæta möguleika hans til atvinnu við hæfi og auka færni hans til þess að takast á við verkefni daglegs lífs. Verklegt nám fer fram í skóla eða á vinnustað og er þjálfun nemandans fólgin í skilgreindum viðfangsefnum í samræmi við getu hans og áhuga. Mikilvægt er að skólinn leitist við að efla samvinnu við atvinnufyrirtæki og gefi nemandanum kost á því að efla færni sína við afmörkuð verkefni eða verkþætti úti í atvinnufyrirtækjum eins og kostur er.

Nám og kennsla á starfsbraut byggist á einstaklingsmiðuðum námsáætlunum. Stefnt skal að því að skilgreina markmið náms og kennslu hvers nemanda. Slik markmiðssetning byggist á óskum og þörfum nemandans, reynslu og mati kennara, óskum foreldra/forráðamanna nemandans og möguleikum skóla. Stígandi náms og framför í námi tengist efnistöku í námi og kennslu ekki síður en viðfangsefnum. Aðstæður skóla til þess að bjóða fram verklegt nám geta verið mismunandi og þá er mikilvægt að skólinn hafi svigrúm til þess að laga námsframboð að aðstæðum og þeim möguleikum sem fyrir hendi eru í skólanum. Mikilvægt er að tengja nám í sérdeildum við starfs- og verkþjálfun á atvinnumarkaði eins og kostur er.

Mælt er með því að skólinn komi á fót stuðningskerfi við nemendur sérdeilda með það að markmiði að auka þátttöku þeirra í félagslífi í skólanum og utan hans í samráði við forráðamenn og fagfólk á viðkomandi sviði. Mikilvægt er að koma á skipulegum tengslum og samstarfi á milli heimila og skólans.

## Námsmat

Nemendur á starfsbrautum fylgja kennsluáætlunum sem eru skipulagðar fyrir nemandann sérstaklega. Í upphafi eru sett fram einstaklingsmiðuð markmið sem byggjast á óskum og þörfum nemandans, námsferli hans og möguleikum skólans. Þessar áætlanir eru teknar til reglulegrar endurskoðunar á námstímanum og ný markmið sett ef á þarf að halda. Að loknu tveggja ára námi er brautskráning og staða nemandans metin með tilliti til áframhaldandi náms og/eða atvinnu. Umsögn að loknu námi byggist í aðalatriðum á einstaklingsmati.

Námsmat í sérdeildum byggist á þeim markmiðum sem sett eru fram í hverjum áfanga og þeim kennsluáferðum sem beitt hefur verið. Námsmat á að miðast við sem flesta þætti náms og kennslu. Gert er ráð fyrir því að nemandinn fái umsögn um stöðu sína og almennar framfarir í námi.

Megintilgangur einstaklingsmats er að:

- afla upplýsinga sem gefa vísbendingar um hæfileika og þekkingu nemandans
- beina sjónum að því hvernig nemandinn nýtir sér hæfileika og þekkingu sína
- gera grein fyrir getu nemandans til að fylgja þeim kennslumarkmiðum sem skilgreind voru með námi hans
- styrkja sjálfsmat nemandans og auka vitneskju hans um það hvernig og hvað honum gengur best að læra, hvað hann þarf aðstoð við og hvernig hann tekst á við sínar veiku hliðar





Námsmat þarf að vera eins leiðbeinandi, hvetjandi og upplýsandi og kostur er fyrir nemandann og foreldra/forráðamenn hans. Mælt er með því að ábendingar fylgi námsmati þannig að nemandinn eigi þess kost að bæta stöðu sína í einstökum þáttum og að hann fái upplýsingar um leiðir til þess að bæta stöðu sína þegar þörf krefur.

Matsaðferðir geta m.a. byggst á:

- mati á verkefnum sem skilað er á námsönninni
- sýningum á verkum eða verkefnum
- skriflegum eða munnlegum prófum
- vitnisburði kennara
- sjálfsmati





# STARFSBRAUT 1

## *Dæmi um námsgreinar á starfsbraut 1*

### ERLEND TUNGUMÁL

Enska

ENS 1S1, 2S1, 3S1, 4S1

### ÍSLENSKA

Íslenska

ÍSL 1S2, 2S2, 3S2, 4S2

### ÍÞRÓTTIR

Íþróttir

ÍÞR 1S1, 2S1, 3S1, 4S1

### LISTGREINAR OG

### VERKLEGAR GREINAR (VAL)

Valgreinar

12 ein.

### RITVINNSLA OG TÖLVUNOTKUN

Tölvunotkun

TÖL 1S1, 2S1, 3S1, 4S1

### SAMFÉLAGSGREINAR

Lífsleikni

LKN 1S1, 2S1, 3S1

### SÉRGREINAR BRAUTAR

Bókfærsla

BÓK 1S1,

Grunnteikning

GRT 1S1, 2S1, 3S1, 4S1

Heilbrigðisfræði

HBF 1S1, 2S1

Heimilisfræði

HEM 1S1, 2S1

Náttúrfraði

NÁT 1S1, 2S1

### STARFSNÁM

Starfsnám í skóla

SAT 1S1, 2S1

Starfsnám á vinnustað

STV 1S5, 2S5, 3S5, 4S5

### STÆRÐFRÆÐI

Stærðfræði

STÆ 1S2, 2S2, 3S2, 4S2



---

## Áfangalýsingar fyrir starfsbraut 1

Bókfærsla - starfsbraut 1

---

BÓK 1S1

Bókfærsla

### Áfangalýsing

Stefnt er að því að nemendinn geti nýtt stærðfræðikunnáttu sína til að setja upp heimilisbókhald fyrir sjálfan sig. Hann þjálfist í gerð skattaskýrslu, auki skilning sinn á uppbyggingu og útreikningi launaseðla og geti sinnt almennum bankaviðskiptum. Áfanginn samþættist stærðfræði.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- kunni að setja upp einfalt heimilisbókhald
- viti hver sé tilgangur skattaskýrslu og fái tilsögn í að fylla hana út
- kynnist uppbyggingu og útreikningi launaseðla
- kunni að fylla út helstu eyðublöð í almennum bankaviðskiptum



## Enska - starfsbraut 1

---

ENS 1S1, 2S1, 3S1, 4S1

Enska

### Áfangalýsing

Unnið er að því að rifja upp og byggja ofan á þá kunnáttu og færni sem nemendur hafa við upphaf námsins. Unnið er með hlustunarefni, lesefni og myndefni af margvíslegu tagi. Mikilvægt er að miða viðfangsefnin við getu og þroska nemenda og að þeir fái sem flest tækifæri til að spreyta sig á krefjandi viðfangsefnum við hæfi.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- skilji almenn fyrirmæli og leiðbeiningar kennara á ensku
- þjálfist í að vinna með orðaforða í tengslum við hlustunarefni
- skilji einfalda texta, s.s. myndasögur, ævintýri, fræðsluefni í bókum eða á tölvutæku formi
- geti fylgt textum og haft eftir þulur, rim, ljóð, rapp
- geti leitað eftir og fundið afmarkaðar upplýsingar í textum, á diskum eða Netinu
- þjálfist í að vinna með orðaforða í textum
- geti tekið þátt í samskiptum í kennslustofu, þ.e. kynnt sig, heilsað, kvatt, þakkað fyrir sig
- geti tjáð sig um afmarkaða þætti í viðfangsefnum sem unnið er með, t.d. í endursögnum eða eigin frásögnum
- þjálfist í ferlisverkefnum á ensku
- geti skrifað eftir fyrirmyndum skiljanlega, skipulega og viðeigandi stutta texta um kunnugleg efni
- geti sett fram texta ásamt myndrænum upplýsingum (t.d. í frásögnum eða ferlisverkefnum)
- þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða í ritun
- þjálfist í réttri stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefni

## Flatarteikningar og mælingar - starfsbraut 1

---

GRT 1S1, 2S1, 3S1, 4S1

Flatarteikningar og mælingar

### Áfangalýsing

Stefnt er að því að viðhalda og byggja ofan á þann grunn sem nemendur hafa þegar þeir koma í framhaldsskólann, þannig að þeir verði færir um að nýta kunnáttu sína við mælingar, teikningu og teiknilestur. Áföngunum er ætlað að styðja við verklegt nám þar sem reynir á þessa þætti. Áfangarnir samþættast stærðfræði.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- kunningu einföldustu mælingar og kunningu að nota viðeigandi mælitæki
- þekki notkun helstu teikniáhalda
- kunningu að teikna einfaldar flatarmyndir
- þekki málsetningu einfaldra flatarmynda



## Heilbrigðisfræði - starfsbraut 1

---

HBF 1S1, 2S1

Heilbrigðisfræði

### Áfangalýsing

Stefnt er að því að nemendur öðlist grunnþekkingu í heilbrigðisfræði svo að þeir geti tekið ábyrgð á eigin heilbrigði. Lögð er áhersla á að efla sjálfsvitund nemenda og búa þá undir líf fjarri foreldrahúsum.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- geri sér grein fyrir hugtakinu unglíngur og geri sér grein fyrir helstu breytingum unglingsáranna
- verði meðvitaðri um að breytingar á líkamsstarfsemi kalla á aukna líkamshirðingu og geti brugðist við því
- öðlist betri skilning á hugtakinu tilfinningar og þekki orð og hugtök sem lýsa tilfinningalegu ástandi
- þjálfist í að setja sig í spor annarra
- geri sér grein fyrir að samband barns og foreldris breytist á unglingsárunum
- þekki mismunandi sambúðarform og kynnist leiðum til lífs fjarri foreldrahúsum
- öðlist aukinn skilning á samskiptum kynjanna
- auki vitund sína um rétt til eigin ákvarðana

## Heilbrigðisfræði - starfsbraut 1

---

HEM 1S1, 2S1

Heimilisfræði

### Áfangalýsing

Námið er að mestu verklegt og því þarf aðgang að kennslueldhúsi. Stefnt er að því að búa nemendur sem best undir að bjarga sér við heimilisstörf og matseld. Þeir fá þjálfun í öllum algengustu heimilisstörfum og innkaupum.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- noti uppskriftir við matreiðslu
- útbúi einfaldar máltíðir
- þvoi upp og gangi frá í eldhúsi
- kunni að leggja á borð, við mismunandi tilefni
- kunni meðferð helstu heimilistækja
- kunni helstu atriði við þrifnað í eldhúsi
- geti gert greinarmun á hollri og óhollri fæðu
- kunni að semja matseðla
- skrifi innkaupalista
- geri innkaup, sjálfstætt eða með öðrum
- þekki helstu þvottamerkingar og flokki þvott
- kunni að nota þvottavél
- kunni að strauja





## Íslenska - starfsbraut 1

---

ÍSL 1S2, 2S2, 3S2, 4S2

Læsi, ritun og tjáning

### Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendinn treysti kunnáttu sína í þeim tjáskiptaleiðum sem henta honum. Nemendur auki orðaforða sinn og málskilning og treysti kunnáttu sína á öllum sviðum lestrar, lesi fjölbreytta texta, s.s. bókmenntatexta á auðlesnu máli og ýmsa texta sem birtast í dagblöðum, tímaritum og á Netinu. Nemendur fá þjálfun í ritun og tjáningu. Nemendur læra að meta góða málnotkun og öðlast trú á eigin málhæfni í ræðu og riti. Nemendur fái þjálfun í tölvunotkun í tengslum við nám sitt.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- þjálfist í þeim tjáskiptaleiðum sem henta honum
- þjálfist í að auka leshraða sinn og bæta lesskilning
- lesi bókmenntaverk og ýmsa aðra texta
- fái tækifæri til að velja texta við hæfi í samræmi við áhuga sinn
- þjálfist í að taka þátt í umræðum og rökræðum
- auki sjálfstraust til að tjá sig og/eða lesa fyrir aðra
- auki sjálfstraust og öryggi í ræðustól
- tileinki sér jákvætt viðhorf til móðurmálsins og eigin málnotkunar
- fái tækifæri til að túlka línurit, myndir og gröf af ýmsu tagi
- þjálfist í ritsmið í skrefum, þ.e. með ferliritun
- temji sér notkun hjálpargagna við réttritun, þ.m.t. orðabækur og leiðréttingarforrit
- þjálfist í að ganga frá texta á viðunandi hátt í tölvu
- fái tækifæri til að bæta kunnáttu sína í réttiritun og greinarmerkjasetningu

## Íþróttir - starfsbraut 1

---

ÍþR 1S1, 2S1, 3S1, 4S1

Íþróttir - líkams- og heilsurækt

### Áfangalýsing

Í áföngunum er lögð áhersla á fjölbreytta upphitun, styrkjandi og liðkandi æfingar og leiki. Kennt er um mikilvægi rétttrar líkamsbeitingar. Kynntar eru aðferðir við líkams- og heilsurækt og einnig hvað nánasta umhverfi hefur upp á að bjóða í sambandi við heilsurækt. Nemendur fræðast um íþróttir, líkamsrækt og heilsuvernd. Stuðlað skal að því að nemendur geti sjálfir ræktað líkama sinn sér til heilsuþótar og ánægju.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- kynnist og taki þátt í fjölbreyttri upphitun
- taki þátt í iðkun og þjálfun ýmissa íþróttagreina
- taki þátt í fjölbreyttri líkams- og heilsurækt til þess að bæta þol, kraft, liðleika og samhæfingu
- taki þátt í leikjum og fjölbreyttum æfingum sem efla samvinnu og tengsl á milli nemenda
- taki þátt í samstarfsverkefnum og leikjum sem veita gleði og vellíðan
- taki þátt í líkamsrækt sem stuðlar að jákvæðum samskiptum kynjanna
- þekki mikilvægi líkams- og heilsuræktar fyrir hjarta og blóðrásarkerfi
- þjálfist í að veita félögum hvatningu í leik og keppni
- öðlist skilning á mikilvægi reglubundinnar líkamsræktar
- glimi við fjölbreytt verkefni sem snúa að alhliða hreyfingu og útivist
- þjálfist í að nýta sér möguleika til heilsuræktar í nánasta umhverfi og úti í náttúrunni



## Lífsleikni - starfsbraut 1

---

LKN 1S1

Nám í framhaldsskóla

### Áfangalýsing

Markmið áfangans er að aðstoða nemandann til þess að kynnast skólanum, félagslífi nemenda, umsjónarkennara sínum og hlutverki hans. Lögð verði áhersla á að styrkja samkennd nemenda, efla tjáningarhæfni þeirra, sjálfstraust og öryggiskennd.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki forkröfur ýmissa viðtökuskóla/deilda og atvinnulífs um námsundirbúning og námsárangur
- kynnist árangursríkum aðferðum við nám í framhaldsskóla
- geti nýtt sér ýmsa félagsstarfsemi og aðra nemendapjónustu sem er í boði innan skólans
- fái tækifæri til að kynnast og að taka virkan þátt í félagsstarfi skólans í samræmi við áhugasvið sitt
- þjálfist í að kynna hugðarefni sín frammi fyrir öðrum á formlegan og óformlegan hátt
- viti hvaða sérfræðipjónustu skólinn hefur upp á að bjóða og hvar hennar er að leita, t.d. umsjónarkennara, námsráðgjafa, skólasafnið
- kynnist helstu öryggisþáttum sem tengjast viðfangsefnum daglegs lífs
- þjálfist framkomu, upplestur og munnlega tjáningu
- taki þátt í hlutverkaleikjum
- þekki meginreglur í mannlegum samskiptum

### Námsmat

Matið byggist á verkefnavinnu nemandans sem m.a. getur falið í sér að hann geri grein fyrir námsleiðum í samræmi við áhugamál sín.

## Lífsleikni - starfsbraut 1

---

LKN 2S1

Einstaklingur, samfélag, menning

### Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á viðfangsefnið „einstaklingur, samfélag, menning“. Nálgun getur verið með margvíslegum hætti og tengst m.a. samskiptaháttum, íslenskri menningu, fjölmiðlun, tjáningu og þjálfun í að koma skoðunum sínum á framfæri, að efla sjálfstraust nemenda og traust á náunganum, ábyrgð einstaklingsins, neytendamálum, tólmstundum og verkmenningu svo að dæmi séu nefnd.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- fái þjálfun í að tjá skoðanir sínar, tilfinningar og hugðarefni
- geti átt opinská og jákvæð samskipti við einstaklinga óháð kyni, kynferði, þjóðerni, trú og líkamlegu og andlegu atgervi
- kunnir að beita mismunandi aðferðum við að koma hugmyndum sínum og skoðunum á framfæri við aðra
- taki ábyrga afstöðu gegn vímu- og fíkniefnanotkun
- fái fræðslu um málefni neytenda og þekki viðhorf um ábyrgð neytenda
- kynnist heimilisbókhaldi og samhengi tekna og útgjalda
- kynnist margbreytileika íslenskrar menningar
- eflist að sjálfstrausti og áræðni til þess að takast á við viðfangsefni daglegs lífs

### Námsmat

Matið getur byggst á verkefnavinnu nemandans út frá ákveðnu viðfangsefni.



## Lífsleikni - starfsbraut 1

---

LKN 3S1

Einstaklingur, umhverfi, náttúra

### Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á viðfangsefnið „einstaklingur, umhverfi, náttúra“. Nálgunin getur verið með margvíslegum hætti og tengst umhverfisvernd, náttúruskoðun, friðun dýralífs og vistkerfa og nýtingu náttúruauðlinda svo að einhver dæmi séu nefnd.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- fái þjálfun í að tjá og fylgja eftir skoðunum sínum, tilfinningum og hugðarefnum á opinberum vettvangi og í vinahóp
- geti átt auðgandi og gefandi samskipti við einstaklinga óháð kyni, kynferði, þjóðerni, trú og líkamlegu og andlegu atgervi
- geti beitt margvíslegum aðferðum til að koma hugmyndum sínum og skoðunum á framfæri við aðra
- fái umhverfisfræðslu og kynnist hugmyndum um nýtingu á sameiginlegum auðlindum
- kynnist siðfræði umhverfisverndar
- eflist í trúnni á sjálfan sig og efli ábyrgð sína til þess að bæta umhverfið
- fái tækifæri til útivistar í íslenskri náttúru
- fái fræðslu um nánasta umhverfi og möguleika til útivistar
- kynnist samskiptareglum á vinnustað, í umferðinni og úti í náttúrunni
- fræðist um öryggismál á heimili, í skóla og á vinnustöðum

### Námsmat

Matið getur byggst á verkefnavinnu nemandans út frá ákveðnum viðfangsefnum.

## Náttúrufræði - starfsbraut 1

---

NÁT 1S1, 2S1

Náttúrufræði

### Áfangalýsing

Kynnt eru viðfangsefni náttúrufræða. Fjallað er um efni og sérkenni þeirra, orku og mismunandi form hennar. Áhersla er lögð á að nemendur kynnist íslenski náttúru og einkennum hennar, s.s. lífríki landsins og fjölbreytni þess. Fæðukeðjur eru útskýrðar og fjallað er um nýtingu lands og sjávar. Fjallað er um eldgos, jarðskjálfta, flóð og storma og viðbrögð við þeim. Fjallað er um landmótun með sérstakri áherslu á íslenskar aðstæður og lögð er áhersla á þemavinnu í tengslum við nánasta umhverfi nemenda. Fjallað er um manninn, kynlíf og getnaðarvarnir.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- kynnist sérkennum efna og hugtökunum fast efni, vökvi og gas
- kynnist ýmsum formum orku, s.s. hreyfiorku, raforku og varmaorku og fræðist um segulkraft
- kynnist og öðlist nokkurn skilning á fjölbreytileika og einkennum íslenskrar náttúru, s.s. lífríki landsins, landmótun, eldvirkni, jarðhræringum og öðrum náttúruhamförum
- geti tjáð sig um kynlíf og þekki helstu getnaðarvarnir og notkun þeirra
- geti tjáð sig um íslenska náttúru og notið hennar



## Starfsnám á vinnustað - starfsbraut 1

---

STV 1S5, 2S5, 3S5, 4S5

Starfsnám á vinnustað

### Áfangalýsing

Í þessum áföngum fer fram kynning á ýmsum störfum. Nemendur fá hér tækifæri til að kynna sér mismunandi vinnustaði. Við val á vinnustöðum er tekið mið af óskum nemandans að höfðu samráði við foreldra eða forráðamenn. Vinnan er skipulögð í samráði við vinnuveitendur og hefur kennari eða annar starfsmaður skólans eftirlit með vinnustaðanáminu. Nemendur vinna eftir vinnulistum sem lagaðir eru að aðstæðum hverju sinni.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki helstu undirstöðupætti þess starfs sem hann hefur kynnt sér
- öðlist sjálfstæði í vinnubrögðum
- tileinki sér sem bestan vinnuhraða
- þekki og noti þau áhöld sem tilheyra tilteknu starfi
- þekki hættur sem starfinu fylgja
- þekki til starfa og læri að velja sér starf við hæfi

### Námsmat

Námið er metið í samráði við vinnuveitanda eða þann starfsmann vinnustaðar sem falin er umsjón með nemandanum.

Eftirfarandi þættir eru metnir:

- stundvísi
- hirðusemi
- hreinlæti
- vinnuafköst
- vandvirkni
- úthald
- einbeiting
- meðferð áhalda og verkfæra
- ábyrgð
- samskipti við starfsfélaga

Jafnframt er lagt mat á hvort nemandi

- fari eftir fyrimælum
- læri auðveldlega ný verkefni
- biðji um aðstoð ef á þarf að halda





## Starfsnám í skóla - starfsbraut 1

---

SAT 1S1, 2S1

Starfsnám í skóla

### Áfangalýsing

Starfsnám, sem hér um ræðir, er að hluta til bóklegt nám og að hluta til fer námið fram í vettvangsferðum. Nemendur kynnast helstu reglum (skrifuðum og óskrifuðum) sem gilda um mannleg samskipti á vinnustað. Frætt er um réttindi og skyldur starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Farið yfir öryggis- og umhverfismál, hættur og hollustu. Þá er einnig fjallað um þátt stéttarfélaganna og hlutverk þeirra í samfélaginu. Í vettvangsferðum kynnast nemendur helstu atvinnufyrirtækjum í umhverfinu og þeim möguleikum sem það býður upp á m.t.t. atvinnuþátttöku nemenda.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- kynnist helstu atvinnufyrirtækjum í umhverfinu
- kynnist þeim atriðum sem taka ber tillit til við starfsval
- þekki tilgang starfs og mikilvægi þess í tengslum við önnur störf
- fái fræðslu um öryggi og hollustuhætti á vinnustað
- fái fræðslu um mikilvægi stundvísi til vinnu
- fái fræðslu um réttindi og skyldur launþega
- kunni að lesa launaseðil og merkingu hans
- þekki helstu samtök launafólks í umhverfinu og hlutverk þeirra

## Stærðfræði - starfsbraut 1

---

STÆ 1S2, 2S2, 3S2, 4S2

Stærðfræði í daglegu lífi

### Áfangalýsing

Stefnt er að því að viðhalda og byggja ofan á þann grunn sem nemendur hafa þegar þeir koma í framhaldsskólann þannig að þeir verði færir um að nýta kunnáttu sína við lausn stærðfræðilegra viðfangsefna daglegs lífs. Samþætting er við bókfærslu- og teikniáfanga.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- kynnist meðferð peninga
- kunni að nýta sér þjónustu peningastofnana
- kunni meðferð vasareiknis
- þekki einfalda kaup- og verðútreikninga
- kunni að lesa á verðmiða og gera verðsamanburð
- þroski tímaskyn sitt og viti um helstu merkis- og hátíðisdaga
- tileinki sér ábyrgð á eigin fjármálum og átti sig á að tekjur og gjöld verða að standast á
- þekki nauðsyn og mikilvægi stundvísi í leik og starfi
- temji sér að skipuleggja hve lengi er verið að fara milli staða



## Tölvunotkun - starfsbraut 1

---

TÖL 1S1, 2S1, 3S1, 4S1

Tölvunotkun

### Áfangalýsing

Tölvu- og upplýsingatækni er sífellt mikilvægari þáttur í vinnuaðferðum nútímaþjóðfélags. Í þessum áfanga er því megináhersla lögð á að gera nemendur færa um að nýta sér þessa tækni, bæði til gagns og ánægju, við nám, starf og tómstundir. Viðfangsefni tölvufræðinámsins tengjast því daglegu lífi, áhugasviði og reynsluheimi nemenda.

Augljós kostur tölvufræðinnar er þverfagleg tenging hennar við aðrar greinar og er gert ráð fyrir að áfanginn styðji við sem flestar námsgreinar starfsbrautar.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- kunni fingrasetningu og blindskrift
- kunni að leita í tölvukerfum bókasafna
- kunni að varðveita upplýsingar á skipulegan hátt
- kunni ritvinnslu við frágang verkefna og verkefnaskil
- noti töflureikni við gerð heimilisbókhalds
- nýti sér tölvuorðabækur
- noti pósthforrit í samskiptum við nemendur og kennara
- kunni að sækja efni á vef skólans og Neti á sjálfstæðan og ábyrgan hátt
- kunni að nýta sér margmiðlunarefni
- þekki tölvuleiki
- kynnist vefsíðugerð

VAL 1S1

Valgrein

Valáfangar á starfsbraut geta verið afar fjölbreytilegir og tekið til hvers konar listgreina eða verklegra greina. Hver framhaldsskóli þarf að skilgreina það valgreinanám sem nemendum stendur til boða, hvort sem það er skipulagt innan skólans eða í samstarfi við aðra aðila. Ekki verður farið út í það hér að skilgreina þessa áfanga nákvæmlega en einstökum skólum látið eftir að birta áfanga- og markmiðslýsingar í skólanámskrám sínum, sem taki mið af þeim möguleikum og aðstæðum sem eru á hverjum stað.

Sameiginleg markmið þessara verklegu áfanga:

Nemandi

- þroski sköpunargáfu og eigið frumkvæði
- þjálfist í verklegum vinnubrögðum
- kynnist umgengni við tæki og notkun þeirra
- kynnist efnum sem tilheyra tiltekinni grein eða fagi
- geri sér grein fyrir hættum og slysum sem röng meðferð tækja getur valdið

Valáfangar geta verið mismunandi á milli skóla, dæmi: fatagerð, grafík, hannyrðir, heimilisfræði, leiklist, leirmótun, málmsmíði, myndlist, rafmagnsfræði, tölvunám, skyndihjálpar, trésmíðar, ökunám, öryggismál. Valáfangar geta einnig byggst á framhaldsáföngum í lífsleikni, myndmennt o.s.frv.





# STARFSBRAUT 2

---

## *Dæmi um námsáfangi á starfsbraut 2*

### ERLEND TUNGUMÁL

Enska

ENS 1T1, 2T1, 3T1, 4T1

### HEILBRIGÐIS- OG HEIMILISFRÆÐI

Heilbrigðisfræði

HBF 1T1, 2T1, 3T1

Heimilisfræði

HEM 1T1, 2T1, 3T1, 4T1

### ÍSLENSKA

Íslenska

ÍSL 1T2, 2T2, 3T2, 4T2

### ÍÞRÓTTIR

Íþróttir

ÍÞR 1T1, 2T1, 3T1, 4T1

### LIST- OG VERKGREINAR

Handmennt

HAN 1T1, 2T1, 3T1, 4T1

Leiklist

LEI 1T1, 2T1, 3T1, 4T1

Málmsmiði

MÁM 1T1, 2T1

Myndmennt

MYN 1T1, 2T1, 3T1, 4T1

Tónmennt

TÓN 1T1, 2T1, 3T1, 4T1

### NÁTTÚRUFRÆÐI

Náttúrufræði

NÁT 1T1, 2T1, 3T1

### SAMFÉLAGSGREINAR

Lífsleikni

LKN 1T1, 2T1, 3T1, 4T1

### STARFSNÁM

Starfsnám í skóla

STA 1T5, 2T5

### STÆRÐFRÆÐI

Stærðfræði

STÆ 1T2, 2T2, 3T2, 4T2

### TÖLVUNOTKUN

Tölvunotkun

TÖL 1T1, 2T1, 3T1, 4T1



---

## Áfangalýsingar fyrir starfsbraut 2

Erlend tungumál - starfsbraut 2

---

ENS 1T1, 2T1, 3T1, 4T1

Enska

### Áfangalýsing

Unnið er að því að viðhalda og byggja ofan á þá kunnáttu og færni sem nemendur hafa þegar þeir koma í framhaldsskólann. Unnið er með hlustunarefni, lesefni og myndefni af margvíslegu tagi. Nemendur læra að syngja enska texta. Áhersla er lögð á færni í tungumálinu sem getur nýst nemendum í daglegu lífi, s.s. við að horfa á sjónvarp, geta lesið utan á umbúðir með enskum texta og skilja orð sem notuð eru við vinnu á tölvur. Mikilvægt er að miða viðfangsefnin við getu og þroska nemendanna og að þeir fái sem flest tækifæri til að spreyta sig á krefjandi viðfangsefnum við hæfi.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- auki orðaforða sinn
- þjálfist í talmáli
- þjálfist í hlustun á ensku
- kunni einfalda enska söngtexta
- kunni að lesa utan á umbúðir með enskum texta
- kunni að nota enskar orðabækur
- þekki algeng ensk tölvuorð



## Heilbrigðis- og heimilisfræði - starfsbraut 2

---

HBF 1T1, 2T1, 3T1

Heilbrigðisfræði

### Áfangalýsing

Stefnt er því að nemendur öðlist grunnþekkingu í heilbrigðisfræði svo að þeir geti tekið ábyrgð á eigin heilbrigði. Lögð er áhersla á að efla sjálfsvitund nemenda og búa þá undir líf fjarrí foreldrahúsum. Unnið er með les- og myndefni af margvíslegu tagi ásamt beinni færniþjálfun þar sem það á við. Nemendur fræðist um mikilvægi hreyfingar og hvíldar og þær breytingar sem verða á líkamanum og í lífinu við að verða fullorðinn. Nemendur fá fræðslu um mörk og ábyrga hegðun í sambandi við kynlíf. Nemendur fræðist um skaðsemi tóbaksreykinga og vímuefna.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- skilji nauðsyn hreinlætis og umhirðu eigin líkama
- þekki reglur um persónulegt hreinlæti á vinnustöðum
- læri um fataval og umhirðu fatnaðar
- skilji mikilvægi þess að bera ábyrgð á eigin heilsu
- öðlist þekkingu á mannlíkamanum
- þekki mikilvægi holls mataræðis
- geti greint á milli hollra og óhollra lífshátta
- þekki getnaðarvarnir og ábyrga kynhegðun
- þekki skaðsemi reykinga og vímuefnanotkunar

## Heilbrigðis- og heimilisfræði - starfsbraut 2

---

HEM 1T1, 2T1, 2T1, 4T1

Heimilisfræði

### Áfangalýsing

Námið er að mestu verklegt og því þarf aðgang að kennslueldhúsi. Stefnt er að því að búa nemendur sem best undir að bjarga sér í daglegu lífi. Þeir fá þjálfun í öllum algengustu heimilisstörfum og innkaupum.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- geti notað uppskriftir við matreiðslu
- geti útbúið einfaldar máltíðir
- geti þvegið upp og gengið frá í eldhúsi
- geti lagt á borð
- kunni meðferð helstu heimilistækja
- kunni helstu borðsiði
- geti sópað og skúrað gólf
- geti ryksugað
- geti gert greinarmun á hollri og óhollri fæðu
- kunni að semja matseðla
- skrifi innkaupalista
- geri innkaup, sjálfstætt eða með öðrum
- þekki helstu þvottamerkingar
- flokki þvott
- kunni að nota þvottavél
- kunni að strauja





## Íslenska - starfsbraut 2

---

ÍSL 1T2, 2T2, 3T2, 4T2

Íslenska

### Áfangalýsing

Stefnt er að því að viðhalda og byggja ofan á þann grunn sem nemendur hafa þegar þeir koma í framhaldsskólann. Nemendur auki orðaforða sinn og málskilning og treysti kunnáttu sína á öllum sviðum lestrar, ritunar og tjáningar. Nemendur öðlist færni í að nýta sér upplýsingar sem birtast í fjölmiðlum og á Netinu. Nemendur lesi auðlesna bókmenntatexta og ljóð sem valin eru með tilliti til þess að örva hugmyndaflug þeirra og gefa þeim innsýn í heim góðra bókmennta.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- öðlist meiri orðaforða og lesskilning
- fái meiri áhuga á að lesa í fristundum
- þjálfist í að lesa dagblöðin sér til dægrastyttingar og að nýta sér upplýsingar úr dagblöðum og öðrum fjölmiðlum í hagnýtum tilgangi
- þjálfist í munnlegri tjáningu
- þjálfist í réttritun og heyi sér orðaforða
- geti skrifað texta frá eigin brjósti
- geti endursagt texta munnlega eða skriflega
- kunni að notfæra sér orðabækur
- geti sett upp og gengið frá texta á viðunandi hátt í tölvu
- noti leiðréttingarforrit
- taki þátt í umræðum og rökræðum

## Íþróttir - starfsbraut 2

---

ÍÐR 1T1, 2T1, 3T1, 4T1

Íþróttir - líkams- og heilsurækt

### Áfangalýsing

Áhersla er lögð á verklega þætti upphitunar og þols. Unnið er með æfingar og leiki sem henta fyrir líkams- og heilsurækt eða mismunandi íþróttagreinar. Nemendur læra að stunda kraftþjálfun sem nær til helstu vöðvahópa líkamans. Farið er yfir mikilvægi liðleika og liðleikaþjálfunar fyrir líkamann og áhrif liðleikaæfinga á vöðva og liðamót. Nemendur fá tækifæri til að taka þátt í slökunaræfingum og umræðu um mikilvægi slökunar í nútímasamfélagi. Í íþróttum gefst kjörið tækifæri til blöndunar í hópum.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- örvi alhliða hreyfiproska, s.s. jafnvægisskyn, snertiskyn, stöðuskyn
- örvi líkamsvitund, form- og rúmskyn
- þjálfri einbeitingu
- kynnist og taki þátt í fjölbreyttri upphitun
- taki þátt í fjölbreyttri líkams- og heilsurækt til þess að bæta þol, liðleika og samhæfingu
- taki þátt í leikjum og fjölbreyttum æfingum sem efla samvinnu og tengsl á milli nemenda
- taki þátt í samstarfsverkefnum og leikjum sem veita gleði og vellíðan
- taki þátt í líkamsrækt sem stuðlar að jákvæðum samskiptum kynjanna
- þekki mikilvægi líkams- og heilsuræktar fyrir hjarta og blóðrásarkerfi
- þjálfist í að veita félögum hvatningu í leik og keppni
- öðlist skilning á mikilvægi reglubundinnar líkamsræktar



- glími við fjölbreytt verkefni sem snúa að alhliða hreyfingu og útivist
- þjálfist í að nýta sér möguleika til heilsuræktar í nánasta umhverfi og úti í náttúrunni



## Listgreinar og verklegar greinar - starfsbraut 2

---

HAN 1T2, 2T2, 3T2, 4T2

Handmennt

### Áfangalýsing

Stefnt er að því að þjálfa hug og hönd með markvissum vinnubrögðum í tengslum við ákveðið handverk. Nemendur nái færni á afmörkuðum sviðum innan greinarinnar sem geti nýst að námi loknu í daglegu lífi, tómstundum eða á vinnustað. Meðal viðfangsefna eru: vefnaður, að festa tölur, vélsaumur, þrjón, útsaumur, perluginna og pappírs- og körfugerð. Með handverki eykst sjálfsöryggi og sköpunar- og vinnugleði er örvuð. Leggja skal áherslu á að efla hugmyndaflug nemenda, sjálfstraust og frumkvæði.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- þjálfí fínhyfingar og samhæfingu
- þjálfí hagnýt vinnubrögð sem gætu nýst honum í tómstundum síðar meir
- þjálfí einfaldar fataviðgerðir, s.s. að festa tölu, gera við saumsprettu
- nái valdi á einföldum vélsaumi
- geti tekið upp einföld snið
- geti saumað einfalda flik
- kunni helstu þrjónaaðferðir



## Listgreinar og verklegar greinar - starfsbraut 2

---

LEI 1T1, 2T1, 3T1, 4T1

Leiklist

### Áfangalýsing

Í áfanganum læra nemendur undirstöðuatriði leiklistar, svo sem persónusköpun, spuna, látbragðsleik, bardaga-tækni o.fl. Nemendur lesa stutt ljóð, flytja tækifærISRæðu og æfast í að sviðsetja stutt leikverk. Helstu efnisatriði: upphitunaræfingar, traustsæfingar, slökun, raddbeiting, persónusköpun, spuni, förðun, bardagalist, látbragðsleikur, trúðalist, leikur með grímur og uppsetning leikverks.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- geti beitt röddinni á mismunandi hátt eftir aðstæðum og ólíku rými
- geti leikið á óþvingaðan og sannfærandi hátt fyrir framan aðra
- geti leikið með grímu
- sé fær um að nýta sér bardagalist (detta, rekast á vegg og slást) í leikrænni tjáningu
- geti á skapandi hátt tekið þátt í fjölbreytilegum spuna-verkefnum
- sé fær um að skapa sína eigin trúðapersónu
- geti lesið ljóð upphátt og farið með stutta tækifærISRæðu
- geti tekið þátt í almennri umræðu um leikhús

## Listgreinar og verklegar greinar - starfsbraut 2

---

MÁM 1T1, 2T1

Málmsmiði

### Áfangalýsing

Stefnt er að því að nemendur kynnist og vinni við mismunandi málmtegundir og læri að nota viðeigandi verkfæri. Nemendur læra að meðhöndla og beita helstu tækjum sem notuð eru í málmíðnaði, s.s. málband, tommustokk og rennimál. Nemendur temji sér góða umgengni um vinnustað og læri að gæta fyllsta öryggis.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- öðlist áhuga á handverki
- kynnist undirstöðuðáttum í notkun ýmissa handverkfæra
- kunni að vinna með ýmsar tegundir málma og þekki málma
- þjálfist í meðhöndlun og formun efnis
- öðlist skilning og færni í verklegri grein sem komi honum að notum nú eða síðar



## Listgreinar og verklegar greinar - starfsbraut 2

---

MYN 1T1, 2T1, 3T1, 4T1

Myndmennt

### Áfangalýsing

Kennslan fer að mestu leyti fram á þann hátt að nemendur vinna ákveðin verkefni þar sem þeir þurfa að tjá sig á myndrænan hátt, bæði í tvívídd og þrívídd. Leitast er við að gefa nemendum kost á að nota fjölbreyttar aðferðir við myndvinnslu þannig að þeir þjálfist í að tjá sig á ólíkan máta. Sérstök áhersla er á að nemendur eflist í teikningu, litameðferð og í að byggja upp þrívíðar myndir. Áherslur eru einstaklingsbundnar, háðar myndrænni færni og formrænum skilningi hvers einstaks nemanda. Inn á milli er kennslan brotin upp með myndskoðun. Þá skoða nemendur listaverk eða aðra þætti sjónræns umhverfis með kennara og ræða saman um merkingu viðfangsefnisins bæði sögulega, táknrænt og frá sjónarhóli einstakra nemenda.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki merkingarlega uppbyggingu myndlistarverka og skilji hvernig listaverk getur haft áhrif
- kunni að skynja betur sjónræna þætti í umhverfi sínu
- þekki betur tengsl sjónar og tilfinningar fyrir rými í kringum sig
- kunni að túlka hugmyndir sínar, tilfinningar og hugsanir í mynd
- kunni fjölbreyttar verklegar aðferðir við að tjá sig í myndum

## Listgreinar og verklegar greinar - starfsbraut 2

---

TÓN 1T1, 2T1, 3T1, 4T1

Tónmennt

### Áfangalýsing

Stefnt er að því að veita nemendum tækifæri til að njóta tónlistar, kynnst henni af eigin raun á svo víðtækan og fjölbreyttan hátt sem auðið er. Nemendur iðka söng, dans og hlustun á sígilda tónlist, ritmaefingar og hljóðfæragreiningu. Stuðlað skal að hamingjustundum nemenda í návist tónlistar.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- þjálfri samhæfingu hugar og hreyfingar með dansi, hreyfisöngvum, taktslætti og almennum söng
- kunnir að njóta tónlistar frá sem flestum tímum; höfðað er þá til tilfinninga fremur en þekkingar
- kunnir að greina á milli hljóðfæra
- þjálfist í söng
- kunnist og geti notið tónlistar á tónleikum
- kunnist því að semja lög
- kunnist samkvæmisdönsum og „frjálsum“ dansi





## Lífsleikni - starfsbraut 2

---

LKN 1T1, 2T1, 3T1, 4T1

Lífsleikni

### Áfangalýsing

Lífsleikni er ætlað að efla sjálfstraust nemandans og ábyrgð hans í samskiptum við umhverfi sitt og annað fólk. Viðfangsefnin eru margvísleg og háð möguleikum hvers nemanda og skóla.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- temji sér árangursríkar aðferðir við nám í framhaldsskóla
- geti nýtt sér ýmsa félagsstarfsemi og aðra nemendapjónustu sem er í boði innan skólans
- fái tækifæri til að kynnast og taka virkan þátt í félagsstarfi skólans í samræmi við áhugasvið sitt
- þjálfist í að kynna hugðarefni sín frammi fyrir öðrum á formlegan og óformlegan hátt
- viti hvaða sérfræðipjónustu skólinn hefur upp á að bjóða og hvar hennar er að leita, t.d. umsjónarkennara, námsráðgjafa, skólasafnið
- fái tækifæri til að vinna að verkefni sem dýpkar skilning á einstaklingsábyrgð hans
- fræðist um öryggismál á heimili, í skóla og á vinnustöðum
- fái þjálfun í að tjá og fylgja eftir skoðunum sínum, tilfinningum og hugðarefnum
- taki þátt í hlutverkaleikjum
- geti átt auðgandi og gefandi samskipti við aðra einstaklinga
- geti beitt mismunandi aðferðum við að koma hugmyndum sínum og skoðunum á framfæri við aðra
- taki ábyrga afstöðu gegn vímu- og fíkniefnanotkun
- fái fræðslu um málefni neytenda og neytendavernd

- kynnist heimilisbókhaldi og samhengi tekna og útgjalda
- kynnist margbreytileika íslenskrar menningar
- eflist að sjálfstrausti og áræðni til þess að takast á við verkefni og áskoranir daglegs lífs
- fái umhverfisfræðslu og kynnist hugmyndum um nýtingu sameiginlegra auðlinda
- eflist í trúnni á sjálfan sig og finni að framlag hans sé einhvers virði til þess að bæta umhverfið
- fái tækifæri til útvistar í íslenskri náttúru
- kynnist samskiptareglum á vinnustað, í umferðinni og úti í náttúrunni



## Náttúrufræði - starfsbraut 2

---

NÁT 1T1, 2T1, 3T1

Náttúrufræði

### Áfangalýsing

Kynnt eru viðfangsefni náttúrufræða. Fjallað er um efni og sérkenni þeirra, orku og mismunandi form hennar. Áhersla er lögð á að nemendur kynnist íslenskri náttúru og einkennum hennar, s.s. lífríki landsins og fjölbreytni þess. Fæðukeðjur eru útskýrðar og fjallað er um nýtingu lands og sjávar. Fjallað er um eldgos, jarðskjálfta, flóð og storma og viðbrögð við þeim. Fjallað er um landmótun með sérstakri áherslu á íslenskar aðstæður og lögð er áhersla á þemavinnu í tengslum við nánasta umhverfi nemenda. Fjallað er um manninn, kynlíf og getnaðarvarnir.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- kynnist sérkennum efna og hugtökunum fast efni, vökvi og gas
- kynnist ýmsum formum orku, s.s. hreyfiorku, raforku og varmaorku og fræðist um segulkraft
- kynnist og öðlist nokkurn skilning á fjölbreytileika og einkennum íslenskrar náttúru, s.s. lífríki landsins, landmótun, eldvirkni, jarðhræringum og öðrum náttúruhamförum
- geti tjáð sig um kynlíf og þekki helstu getnaðarvarnir og notkun þeirra
- geti tjáð sig um íslenska náttúru og notið hennar

## Starfsnám og verklegt nám - starfsbraut 2

---

STA 1T5, 2T5

Starfsnám

### Áfangalýsing

Starfsnám, sem hér um ræðir, er að hluta til bóklegt nám og að hluta til fer námið fram í vettvangsferðum. Nemendur kynnast helstu reglum (skrifuðum og óskrifuðum) sem gilda um mannleg samskipti á vinnustað. Frætt er um réttindi og skyldur starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Farið yfir öryggis- og umhverfismál, hættur og hollustu. Þá er einnig fjallað um þátt stéttarféлага og hlutverk þeirra í samfélaginu. Í vettvangsferðum kynnast nemendur helstu atvinnufyrirtækjum í umhverfinu og þeim möguleikum sem það býður upp á m.t.t. atvinnuþátttöku nemenda.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- kynnist helstu atvinnufyrirtækjum í umhverfinu
- kynnist þeim atriðum sem taka ber tillit til við starfsval
- þekki tilgang starfa og mikilvægi þeirra fyrir einstaklinginn og samfélagið
- þekki helstu þætti um öryggi og hollustuhætti á vinnustað
- þekki reglur um mikilvægi stundvísí til vinnu
- þekki reglur um réttindi og skyldur sem fylgja starfi
- kunni á launaseðla og skilji merkingu þeirra
- þekki helstu samtök launafólks í umhverfinu og hlutverk þeirra
- kunni að vinna sjálfstætt og tileinki sér sem bestan vinnuhraða



## Stærðfræði - starfsbraut 2

---

STÆ 1T2, 2T2, 3T2, 4T2

Stærðfræði í daglegu lífi

### Áfangalýsing

Stefnt er að því að viðhalda og byggja ofan á þann grunn sem nemendur hafa þegar þeir koma í framhaldsskólann þannig að þeim takist sem best að nýta kunnáttu sína í hagnýtum tilgangi.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- kunni að nota klukku
- geti nýtt sér þekkingu sína á klukku og þroski tímaskyn sitt
- þekki gildi peninga
- geti talið fram ákveðnar upphæðir í peningum og gefið til baka
- kunni meðferð vasareiknis
- kunni að lesa á verðmiða og gera verðsamanburð
- þekki nauðsyn og mikilvægi stundvísi í leik og starfi
- kunni að skipuleggja hve lengi er verið að fara á milli staða
- geti breytt tölum úr bókstöfum í tölustafi og öfugt
- öðlist færni í notkun einfaldra stærðfræðiforríta

TÖL 1T1, 2T1, 3T1, 4T1

Tölvunotkun

### Áfangalýsing


Nemendur fá kennslu og þjálfun í notkun tölvu til náms og leikja. Jafnframt fá nemendur kennslu í ritvinnslu og fingrasetningu. Nemendum er kennt að nota Netið og tölvupóst. Tölvur eru notaðar í öðrum námsgreinum eftir því sem við á og viðeigandi kennsluforrit notuð.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- öðlist leikni í samspili músar og bendils á skjá
- kundi réttar vinnustellingar við tölvu
- kundi rétta fingrasetningu á hnappaborð tölvu og blindskrift
- kundi grunnatriði í ritvinnslu - Word
- noti Windows-umhverfi - möppur/skjöl/vista
- geti notað Netið - netslóðir - tölvupóst - netföng
- geti notað algeng forrit, teikni-, stærðfræði- og móður-málsforrit
- kynnist leikjaforritum





## STARFSBRAUT 3

### Dæmi um útfærslu á starfsbraut 3

Kennslan er einstaklingsmiðuð og tekur mið af námslegri stöðu og færni nemenda og óskum foreldra. Nemendur geta skipst á þrjú megin svið m.t.t. mismunandi áherslna í náminu.

#### Námssvið 1

Skilningur nemanda er bundinn við aðstæður líðandi stundar „hér og nú“, því getur hann vart skipulagt eigin athafnir. Tjáning hans er fyrst og fremst með náttúrulegum viðbrögðum og merkjum "signal" og athafnaröðum. Nemandi þarf mikla aðstoð við allar daglegar athafnir.

#### Námssvið 2

Nemandi hefur getu byrjanda í því að nýta sér einföld myndræn tákni (grafísk), hreyfitákni og einstök orð. Nemandi þarf nokkurn stuðning við daglegar athafnir.

#### Námssvið 3

Nemandi getur nýtt sér einföld myndræn tákni (grafísk), hreyfitákni, talmál og farið eftir einföldum fyrirmælum. Nemandi þarf stuðning við daglegar athafnir.

Innan hvers sviðs er möguleiki á að bjóða mismunandi námsleiðir eftir áhugamálum, þroska, færni og sérstökum aðstæðum hvers einstaks nemanda og möguleikum skóla. Einnig er gert ráð fyrir því að nemendur geti að einhverju leyti farið á milli námssviða í einstökum námskjörnum eða námsgreinum. Þannig verður að líta á skiptingu í námssvið fyrst og fremst sem leiðbeinandi fyrir skipulag markmiða og námsleiða fyrir hvern einstakan nemanda.



## Námsmat

Nemendur á starfsbraut 3 fylgja sérstakri kennsluáætlun. Kennsluáætlun byggist m.a. á mati á stöðu viðkomandi nemanda við upphaf náms. Fylgst er með framförum og stöðu nemenda í námi á námstímanum með símati (leiðbeiningarmati) og greinandi prófum.

Endurskoðun einstaklingsmarkmiða er gerð a.m.k. einu sinni á námsönn. Niðurstöðum námsmats eru gerð skil í lok hverrar námsannar. Skriflegir vitnisburðir um framvindu náms eru gerðir að vori.





## Áfangalýsingar fyrir starfsbraut 3

### Almennur skilningur og þekking - starfsbraut 3

#### Áfangalýsing

Lögð er áhersla á frumkvæði, virkni og boðskipti nemenda. Leitast er við að virkja áhugasvið nemenda. Lögð er áhersla á að vinna með almennan skilning og síðar sérhæfðan skilning. Nemendur vinna í skipulögðu umhverfi sem tekur mið af skilningi þeirra og skynjun. Mikilvægt er að samspil nemenda og kennara sé innihaldsrikt.

#### Áfangamarkmið

##### Nemandi

- viðhaldi færni sinni til að skynja áreiti frá umhverfinu og þjálfist í að bregðast við á jákvæðan hátt
- efli almennan skilning sinn, sem er grundvöllur sérhæfðs skilnings, með því að takast á við fjölbreytt verkefni
- efli virka skynjun og eigið frumkvæði
- efli félagsleg samskipti og boðskipti
- fái þjálfun í því að óttast ekki nýbreytni
- fái tækifæri til að velja og hafna – setja fram eigin skoðanir
- hafi tækifæri til að aðhafast eitthvað fyrir eigið tilstilli
- örvi færni sína til skynjunar
- hafi tækifæri til að skoða, handfjatla og hlusta
- efli frumkvæði og sjálfstæði sitt
- auki einbeitingu sína og úthald
- þjálfist í því að leysa þrautir
- kynnist tölvunotkun í fristundum
- kunni einfalda tölvuleiki

## Eigin persóna - starfsbraut 3

---

### Áfangalýsing

Leitast er við í allri kennslu og umgengni við nemendur að gera þá eins sjálfbjarga og kostur er í athöfnum daglegs lífs innan skóla sem utan.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- efli heilbrigða sjálfsmynd sína
- stuðli að því að rækta tilfinningar sínar
- efli með sér vilja og ábyrgðartilfinningu
- öðlist aukið öryggi



## Heimilið - starfsbraut 3

---

### Áfangalýsing

Nemendur fá verklega æfingu í að kaupa inn, matreiða, framreiða, þvo upp, þrifa, hirða fatnað og þvo föt. Jafnframt eru kennd ýmis öryggisatriði sem tengjast heimilisstörfum, um geymslu matvæla, hollar neysluvenjur, að halda veislur o.fl.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- auki kunnáttu sína og leikni í störfum sem lúta að heimilishaldi
- efli sjálfstæði sitt og þjálfni verkfærni sína í innkaupum, matseld og þrifum

## Líkamsrækt - starfsbraut 3

---

### Áfangalýsing

Alhliða vatnsþjálfun. Hreyfing í vatni. Jafnvægisörvun, húðskynörvun, teygjur og slökun. Leikir í vatni, sundkennsla. Persónulegt hreinlæti. Sundaðferðir kenndar eftir óskum og getu hvers og eins. Hreyfileikir inni/úti. Gönguferðir. Útrás fyrir hreyfiþörf/leikþörf. Efling frumkvæðis. Styrking líkamsvitundar og alhliða líkamspjálfun. Styrkjandi æfingar, aukið úthald, þjálfun í samskiptum og samspili í hóp. Boltaiþróttir. Fjölbreyttar líkamsæfingar með þrekþjálfunartækjum.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- örvi líkamsskynjun sína í vatni
- viðhaldi og auki eðlilega hreyfigetu í vatni
- auki andlegt og líkamlegt þrek og úthald sitt
- öðlist öryggistilfinningu í vatni
- efli líkamsvitund sína
- kunni sundaðferðir
- kunni að nýta sér sund til líkamspjálfunar
- efli frumkvæði og sjálfstæði sitt
- fái útrás fyrir hreyfiþörf sína
- geti nýtt sér líkamsrækt sem frístundatilboð
- auki úthaldi sitt, liðleika og þrek
- fái útrás fyrir hreyfi- og leikþörf
- efli jafnvægis skyn sitt
- þjálfist í því að vinna sjálfstætt í ýmsum æfingatækjum á líkamsræktarstöð
- þjálfist í því að "hlusta" á líkama sinn



## Mál og boðskipti - starfsbraut 3

---

### Áfangalýsing

Mál og boðskipti fléttast inn í alla kennslu og lögð er áhersla á að styrkja þær boðskiptaleiðir sem henta hverjum og einum, s.s. talmál, tákni (hreyfitákn og/eða grafísktákn), merki eða málvana boðskipti. Mikilvæg er þátttaka kennara í boðskiptakennslunni. Mikilvægt er að kennarar til einki sér það boðskiptaform sem nemendur nota og stuðla að þróun og/eða viðhaldi þess kerfis.

### Áfangamarkmið

Nemandi

- viðhaldi og þrói þau boðskiptakerfi sem hann hefur á valdi sínu
- efli færni sína til að tjá sig, skilja aðra og njóta félagslegra samskipta
- auki orðaforða sinn og skilning á mæltu máli
- þjálfist í því að tjá sig skýrt

## Umhverfi og fristundir - starfsbraut 3

### Áfangalýsing

Fjölbreytileg viðfangsefni í skóla og utan skóla, í því skyni að efla hópkennd nemenda, styrkja tengsl þeirra við umhverfið, veita þeim ánægju og tilbreytingu. Regluleg upprifjun á færni í samræmi við marklista sem gerðir eru í upphafi. Ferðir á opinberar stofnanir og á vinnustaði til kynningar, fræðslu og til upplifunar. ferðir á kaffihús, bíó, leikhús o.fl. þar sem lögð er áhersla á síði og venjur. Farið í hópleiki og spil. Kynnt eru ýmis efni sem notuð eru í myndlist og aðferðir við myndsköpun. Unnið er með ýmiss konar efni eftir getu og áhugasviði. Kenndar eru mismunandi þrjónaaðferðir, útsaumur, vélsaumur og annars konar handverk. Unnið er með tónlist, púls, laglínu, styrkleika og hraða. Farið í hermi- og spegilæfingar, látbragðsleik, hlutverkaleiki, hreyfiaefingar eftir tónlist, ásamt spennu- og slökunaræfingum.

### Áfangamarkmið

#### Nemandi

- styrki sköpunargleði og auki ímyndunarafl sitt
- kynnist ýmsum aðferðum og notkun margvíslegra efna
- efli sjálfstraust sitt
- kynnist gerð mynda og muna
- vinni með ýmiss konar efni og aðferðir sem henta getu hans og þroska
- kynnist hannyrðum, saumum, þrjóni og vefnaði
- kynnist handverki sem nýtist í vinnu eða fristundum
- kynnist fjölbreyttri tónlist með því að fá tækifæri til að iðka hana og njóta hennar og að taka þátt í skapandi starfi
- þroski og efli tónskyn sitt
- fái fræðslu um tónlist og auki við þekkingu sína á ýmsum fyrirbærum tónlistar
- efli sjálfsvitund sína
- efli hæfileika sinn til þess að hlusta með virkum hætti
- fái þjálfun til þess að ná betri tókum á daglegu lífi

